



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 17. apríl 2012

1112018SA TP
Málalykill: 40

Efni: Tillaga til þingsályktunar um yfirfærslu heilsugæslunnar frá ríki til sveitarfélaga - 220. mál 140. lþ.

Með tölvupósti nefndasviðs Alþingis dags. 28. mars sl. var ofangreint þingmál sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Þingsályktunartillögum fylgir ítarlegur rökstuðningur í greinargerð og tekur sambandið undir þau atriði sem þar koma fram. Sérstaklega er mikilvægt að horft verði til reynslu þeirra sveitarfélaga sem hafa haft heilsugæsluna með höndum á umliðnum árum, fyrst sem reynslusveitarfélög og síðar á grundvelli þjónustusamninga við ráðuneyti. Réttilega er ennfremur bent á það í greinargerðinni að skoða beri möguleika sveitarfélaga til þess að rækja verkefnið í samvinnu og að teknu tilliti til ólíkra rekstrarforma.

Sambandið er sammála því að gerð áætlunar um yfirfærslu heilsugæslunnar eigi sér stað samhliða endurskoðun á lögum um málefni fatlaðs fólks og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Með samhæfingu þessara verkefna mætti koma í veg fyrir, eins og unnt er, að til verði grá svæði milli þjónustukerfa, með því að skilgreint verði hvað teljist til félagslegrar þjónustu og hvað til heilbrigðisþjónustu, sem og hvaða meðferðar- og greiningarþættir séu það sérhæfdir að vinna beri þá miðlægt fyrir landið allt.

Til þess ber að líta að heildarendurskoðun á lögum um málefni fatlaðs fólks á að fara fram fyrir árslok 2014 og á hún að haldast í hendur við endurskoðun á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 59/1992, m.s.b.

Þá er unnið að því um þessar mundir að undirbúa mögulega yfirfærslu á málefnum aldraðra frá ríki til sveitarfélaga, sbr. stefnumörkun sambandsins 2011 – 2014, þar sem segir í lið 3.9.4:

Að áfram verði undirbúnaðar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði þjónustu við aldraða. Skilgreindir verði þeir þjónustuþættir sem æskilegt er talið að flytja út frá því að sveitarfélögin sinni allri nærþjónustu við aldraða. Í því sambandi verði heimahjúkrun sérstaklega skoðuð auk þess sem gerð verði athugun á flutningi heilsugæslunnar til sveitarfélaga.

Allmikil umræða hefur átt sér stað á vettvangi sambandsins um framkvæmd þessa atriðis og er ljóst að mörg sveitarfélög vilja sjá niðurstöður úr endurmati yfirfærslu málefna fatlaðs fólks, áður en gert er bindandi samkomulag um áframhaldandi tilflutning velferðarþjónustu frá ríki til sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að mat á fjárhagslegum forsendum fari fram á árinu 2013 þannig að það nýtist til ákvörðunar um útsvarstofn árið 2014, sbr. 11. gr. í heildar-



samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks, dags. 23. nóvember 2010.

Í umsögn velferðarráðuneytisins um þingsályktunartillöguna er vísað til umræðu á vettvangi nefndar sem undirbýr yfirfærslu á málefnum aldraðra til sveitarfélaganna. Sambandið á aðild að umræddri nefnd og hafa fulltrúar þess lagt fram ýmsar ábendingar, þar sem m.a. er byggt á reynslu sem fengist hefur af yfirfærslu á málefnum fatlaðra. Þessar ábendingar eru raktar í meðfylgjandi minnisblaði og er velferðarnefnd hvött til þess að kynna sér efni þess. Meðal annars kemur fram að yfirfærsla á málefnum aldraðra geti mögulega átt sér stað á árunum 2014 – 2015.

Þá eru ýmis grundvallaratriði áréttuð í minnisblaðinu, m.a. að ábyrgð á rekstri einstakra stofnana sé ekki skipt á milli sveitarfélaga og ríkis. Ljóst er að á þetta atriði kann að reyna við gerð áætlana um þá heilsugæslu sem er samrekin innan ramma smærri sjúkrahúsa. Yfirfærsla getur í þeim tilvikum kallað á stofnanalega uppstokkun.

Einnig skal nefnt að eitt af meginmarkmiðum flutnings á velferðarþjónustu frá ríki til sveitarfélaga er að stuðla að samþættingu. Við blasir að miklir möguleikar til samþættingar eru með því að færa forræði yfir heimahjúkrun til sveitarfélaga. Þjónustusamningur er í gildi milli Reykjavíkurborgar og ríkisins um þann þátt og hefur gefist vel, m.a. með því að afla reynslu um gerð kröfulýsinga í velferðarþjónustu.

Framkomin tillaga er í samhljómi við stefnumörkun sambandsins sem styður að hún verði samþykkt, en með vísan til þeirra atriða sem að ofan greinir er mælt til þess að gefinn verði rýmri tími til þess að vinna áætlunina og þannig að tillagan kveði á um að áætlunin liggi fyrir á árinu 2013. Æskilegt er einnig að hin samþykkt tillaga mæli skýrlega fyrir um að áætlunin verði tengd fyrirhugaðri yfirfærslu á málefnum aldraðra og að sérstakt tillit verði þar tekið til samþættingar heimahjúkrunar við þjónustu sveitarfélaga.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Fylgiskjal: Minnisblað til nefndar um flutning málefna aldraðra,
dags. 20. febrúar 2012



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Minnisblað

Móttakandi: Nefnd um flutning málefna aldraðra Dags.: 20. febrúar 2012

Sendandi: Eiríkur Björn Björgvinsson og Stella Kristín Víðisdóttir Málsnr.: 1103017SA

Málalykill: 235

Efni: Ábendingar í tengslum við fyrirhugaða tilfærslu þjónustu við aldrað fólk frá ríki til sveitarfélaga

Inngangur

Minnisblað þetta er unnið af fulltrúum Sambands Íslenskra sveitarfélaga í nefnd um flutning þjónustu við aldraða frá ríki til sveitarfélaga, í samstarfi við sérfræðinga sambandsins. Í því er leitast við að draga saman helstu atriði sem gæta þarf að við tilfærslu þjónustunnar og er m.a. leitast við að draga lærdóm af framkvæmd tilfærslu þjónustu við fatlað fólk sem kom til framkvæmda 1. janúar 2011. Óhætt er að segja að margt hafi gengið afar vel í því ferli en einnig var allmikið um atriði sem ekki var hugað nægilega vel að í undirbúningsferlinu og orsökðu vandamál sem leiddu til tafa og einhverjum tilvikum er enn verið að vinna úr einstökum málum. Sjálfsagt er að reyna að læra af slíkum atriðum svo komist verði hjá því að slíkir hnökrar endurtaki sig í því ferli sem nú er nýhafið.

Almennt má draga þann lærdóm af málinu að verkefnatilfærsla er stórt og flókið breytingaverkefni sem þarf að skipuleggja vel og ætla rúman tíma fyrir flesta verkþætti. Sveitarfélög þurfa tíma til að undirbúa móttöku stórra verkefna, s.s. endurskoða skipulag sitt, undirbúa móttöku nýrra starfsmanna, skoða áhrif á húsnæðismál (nýtt starfsfólk þarf pláss) svo eitthvað sé nefnt.

Gæta þarf þess að allar fjárhagslegar forsendur liggi fyrir með góðum fyrirvara, svo ekki skapist óvissa við gerð fjárhagsáætlana sveitarfélaga. Einnig að skipting fjármagns milli sveitarfélaga/þjónustusvæða s.s. vegna jöfnunaraðgerða sé skýr og öllum ljós í tíma, sem ekki var raunin við tilfærslu þjónustu við fatlað fólk.

Tekið skal fram að athugasemdir við drög að greinargerð Stjórnháttá ehf., sem eru fylgiskjal við minnisblað þetta, ber að skoða sem fyrstu viðbrögð við drögum að greinargerð sem á eftir að þróast í mun ítarlegri útgáfu. Jafnframt skal tekið fram að stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga hefur ekki tekið afstöðu til þeirra ábendinga sem hér eru settar á blað. Undirrituð áskilja sér því allan rétt til endurskoða einhverjar þeirra áherslna sem hér er að finna á síðari stigum vinnunnar.

Almenn atriði

Sem fyrst á undirbúningsstiginu þarf að liggja fyrir hvaða þætti í þjónustu við aldraða er stefnt að því að flytja til sveitarfélaganna. Leiðarljós fulltrúa Sambands Íslenskra sveitarfélaga í þessari vinnu er stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2011-2014 en þar segir:



„Að áfram verði undirbúnaðar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga á sviði þjónustu við aldraða. Skilgreindir verði þeir þjónustupættir sem æskilegt er talið að flytja út frá því að sveitarfélögin sinni allri nærþjónustu við aldraða. Í því sambandi verði heimahjúkrun sérstaklega skoðuð auk þess sem gerð verði athugun á flutningi heilsugæslunnar til sveitarfélaga.“

Að áliti sambandsins er algerlega óraunhæft að miða við 1. janúar 2013 sem gildistöku tilfærslunnar og sennilega er einnig óraunhæft að ljúka tilfærslunni fyrir ársbyrjun 2014. Má t.d. nefna að það mun mjög líklega taka lengri tíma en eitt ár að ljúka gerð þjónustusamninga við sjálfseignarstofnanir og ríkisstofnanir. Bent skal á að í nýlegri skýrslu nefndar um eflingu sveitarstjórnarstigsins kemur fram að nefndin sjái fyrir sér að yfirfærsla þessara verkefna geti farið fram á árunum 2014 til 2015, enda liggja þá fyrir mat á árangri af flutningi málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaganna.

Ekki er ásættanlegt að samkomulag og lagarammi liggja ekki fyrir með góðum fyrirvara og verða þessi atriði að vera komin á hreint a.m.k. hálfu ári áður en verkefnatilfærsla kemur til framkvæmda. Mikilvægt er að gengið verði frá því snemma í ferlinu hvernig ábyrgð á samningsgerð verður háttað.

Fulltrúar sambandsins vænta þess að í samningum um tilfærslu þjónustu við aldrað fólk verði kveðið á um endurskoðun á fjárhagslegum forsendum samnings um yfirfærsluna og við yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks. Nauðsynlegt er að nánari útfærsla og forsendur slíkrar endurskoðunar verði hluti af formlegri samningsgerð.

Gæta þarf þess að fyrirsjáanlegar breytingar/ákvarðanir sem hafa áhrif á notendur þjónustunnar bíði ekki yfirfærslu og lendi á sveitarfélögum s.s. sbr. ný reglugerð um búsetu á heimilum fatlaðs fólks og áhrif hennar á húsaleigu í búsetuúrræðum fatlaðs fólks. Sveitarfélögin voru sett í þá stöðu að þurfa að byrja á því að hækka húsaleigu sem ríkið hafði ekki hækkað árum saman. Svipaðar breytingar eru nú í farveginum um að rukka aldraða á stofnunum um húsaleigu. Af hálfu sveitarfélaga er lögð áhersla á að sú breyting eigi sér eðlilegan aðdraganda og hljóti vandaða kynningu áður en hún kemur til framkvæmda.

Tryggja þarf skilvirka upplýsingamiðlun í ferlinu, til sveitarfélaga og annarra sem málið varðar.

Vinna við undirbúning lagabreytinga má ekki hefjast of seint. Umfang lagabreytinga var vanmetið við síðustu tilfærslu, sem og umfang vinnu við gerð stjórnvaldsfyrirmæla og leiðbeininga. Mikilvægt er að tryggja náð samráð í þessu ferli.

Upplýsingar um stöðu málaflokksins

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um stöðu málaflokks fatlaðs fólks kom fram í miðju undirbúningsferlinu og skapaði hún töluverðan óróa. Samkvæmt starfsáætlun Ríkisendurskoðunar er í vændum skýrsla um rekstrarumhverfi hjúkrunarheimila og þarf að gæta þess að tekið verði tillit til þeirra ábendinga sem þar koma fram. Full



ástæða er til þess að sambandið og verkefnisstjórn fundi með Ríkisendurskoðun og fái sýn stofnunarinnar á málaflokkinn, veikleika og styrkleika.

Grundvallarforsenda er einnig að sem gleggstar upplýsingar liggi fyrir um fjárhagslega stöðu málaflokksins, m.a. um hallarekstur og hagræðingaraðgerðir í málaflokknum sem kunna að leiða til vanmats á raunverulegri fjárþörf til málaflokksins. Eðlileg krafa er að unnin verði skýrsla um fjárhag allra stofnana í málaflokknum, þannig að hægt verði að gera sér grein fyrir því hvort fjárveitingar hafa staðið undir nauðsynlegum rekstrarkostnaði. Þessi gögn þyrftu að ná nokkur ár aftur í tímann.

Mikil hagræðingarkrafa hefur verið í þjónustunni undanfarið, án þess að forgangsröð sé skilgreind. Taka þyrfti saman yfirlit um þann kostnað sem sveitarfélögin bera nú þegar vegna þeirrar þjónustu sem ríkið á að fjármagna. Þetta á t.d. við um húsnæðiskostnað og halla á rekstri hjúkrunarheimila, vistheimila og dagdeilda. Aðeins þannig næst yfirsýn yfir heildarkostnað í málaflokknum.

Mikilvægt er að gera úttekt á aðstæðum aldraðs fólks, sbr. úttekt Félagsvísindastofnunar í málefnum fatlaðs fólks sem var framkvæmd alltof seint til að gagnast í undirbúningsferlinu.

Semja þarf um vöktun verkefnisins og endurskoðun á sama hátt og vegna málefna fatlaðs fólks.

Ábyrgð á þjónustu

Það er grundvallaratriði í samskiptum ríkis og sveitarfélaga að ábyrgð á rekstri stofnana sé ekki skipt milli sveitarfélaga og ríkisins. Því kemur varla til greina að sveitarfélög beri fjárhagslega ábyrgð á rekstri hjúkrunarrúma á sjúkrahúsum né heldur bráðarýmum þar. Sjúkrahúsin verða að afsala sér til sveitarfélaganna því húsnæði þar sem ætlast er til að sveitarfélögin reki á sjúkrastofnunum og sveitarfélögin sjái um allt starfsmannahald, viðhald og annað sem til þess rekstrar heyrir.

Skilgreina þarf mjög skýrt hvenær einstaklingur er fær um að fara á öldrunarstofnun eftir að meðferð hans á sjúkrahúsi lýkur. Nauðsynlegt er að lækni sem er fulltrúi öldrunarstofnunar sveitarfélagsins komi að því mati inni á sjúkrahúsinu í stað þess að einhliða mat sjúkrahússins ráði niðurstöðunni.

Ástæða er til að skoða hvort komið verði á miðlægum potti vegna dýrra lyfjagjafa og dýrra hjálpartækja. Nefna má sem dæmi að augntölva kostar 3 milljónir króna.

Varðandi samvinnu sveitarfélaga um framkvæmd þjónustunnar er rétt að hafa í huga að við undirbúning yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks var út frá því gengið að í meginatriðum yrði um tvö form að ræða, annars vegar byggðasamlag og hins vegar leiðandi sveitarfélag. Þessi tvö samstarfsform hafa nú fengið enn aukið vægi með nýjum sveitarstjórnarlögum. Þess vegna gæti verið misráðið að gefa undir fótinn með val um önnur form.

Á vettvangi sveitarstjórna og landshlutasamtaka sveitarfélaga, sérstaklega í svæðum þar sem sveitarfélög hafa mikla samvinnu um þjónustu við aldrað og fatlað fólk, þarf að huga vel að því hvernig skynsamlegast er að haga



stjórnskipulagi velferðarþjónustu og samstarfi milli sveitarfélaga til lengri tíma. Töluverð hættu er á óskilvirkni og að skorta muni yfirsýn bæði um fagleg og fjárhagsleg málefni ef þetta samstarf þróast án mótaðs heildarskipulags. Mikilvægt er að hafa lýðræðisþáttinn einnig í huga í þessu sambandi.

Fjármögnun, áætlanagerð og reikningsskil

Huga verður vandlega að fjármögnun verkefnisins og hvaða möguleikar verða fyrir hendi til að endurmeta forsendur samninga um yfirfærslu á málefnum aldraðs fólks eftir ákveðinn árafjölda. Þjóðin er að eldast, heilsufar fer almennt heldur batnandi og fjöldi þeirra sem nær háum aldri fer vaxandi. Kostnaður við þjónustu við fólk sem nær háum aldri vex síðan á veldisskala eftir því sem aldurinn hækkar.

Mikilvægt er að fjármálaráðuneyti, sambandið og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga séu sammála um áætlaðan útsvarsstofn sveitarfélaga, til að fjárhagsáætlanir sveitarfélaga, fjárlög ríkisins og áætlanir jöfnunarsjóðs séu í fullu samræmi.

Fjármögnun fyrsta mánuðarins eftir tilfærslu þarf að liggja ljós fyrir, þ.e. að greitt sé á rekstrargrunni en ekki greiðslugrunni. Það hlýtur að vera forsenda þess að tilfærsla þjónustu við aldrað fólk komi til framkvæmda að leyst verði úr ágreiningi um þetta atriði í síðustu verkefnatilfærslu.

Skýrt þarf að vera hvernig fjárstreymi til þjónustusvæða eða byggðasamlaga birtist í reikningsskilum sveitarfélaga. Í uppgjöri Fjársýslu ríkisins þarf að vera skýrt hve mikla fjármuni hvert og eitt sveitarfélag er að fá í auknum tekjum (hækkuðu útsvari) vegna yfirfærslu á verkefninu. Slíkt er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir misskilning og ranga útreikninga þegar verið er að reikna út það sem greiða þarf til byggðasamlaga og eða annarra sveitarfélaga eins og hefur gerst við útfærslu á málefnum fatlaðs fólks.

Skynsamlegast virðist að greiða alla fjármuni vegna yfirfærslunnar til einstakra sveitarfélaga. Í þeim tilvikum sem framkvæmd verkefnisins er ekki á vegum viðkomandi sveitarfélags, þá greiði það tilheyrandi fjármuni áfram til framkvæmdaraðila (annars sveitarfélags eða byggðasamlags). Slíkt er nauðsynlegt til að hafa á hreinu nauðsynlegar upplýsingar um rekstrarumfang málaflokksins bæði hjá einstökum sveitarfélögum og hjá sveitarfélagageiranum í heild sinni.

Mörg sveitarfélög kvörtuðu yfir því að illa gengi að fá sundurliðaðar fjárhagsupplýsingar um rekstur stofnana frá svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra. Þetta tafði í einhverjum tilvikum áætlanagerð sveitarfélaga og þarf að koma í veg fyrir að þetta vandamál endurtaki sig.

Samræma þarf bókhaldslykla sveitarfélaga til að tryggja samræmi við færslu tekna og útgjalda.

Þróun þjónustunnar og fasteignamál

Vinna þarf út frá skýrum markmiðum um þróun þjónustunnar. Vætanlega verður hægt að ganga út frá framkvæmdaráætlun í málaflöknum en slík áætlun er haldlaus nema fjármögnun hennar sé jafnframt tryggð.

Fasteignabátturinn reyndist mjög tímafrekur í síðustu tilfærslu og getur líka orðið það nú, hvað varðar stefnu um sérbyli og endurnýjun eða úreldingu óhentugs



húsnæðis, sem þarf að tryggja fjármögnun á. Einnig þarf að huga að kröfum um um minni búsetueiningar, stoðbýli o.fl. Hvaða skyldur munu sveitarfélögin taka á sig varðandi úreldingu eða breytingar á húsnæði og þróun nýrra búsetuforma? Vinna þarf skrá um allar fasteignir sem sýni eignarhald, notkun og ástand þeirra.

Taka þarf afstöðu til hugmynda um mögulega aðgreiningu samninga um þjónustu annars vegar og samninga um afnot af fasteignum hins vegar.

Hvernig er framtíðarsýnin varðandi Framkvæmdasjóð aldraðra og hvert verður hlutverk Íbúðalánasjóðs við uppbyggingu húsnæðis fyrir þjónustu við aldrað fólk?

Kröfur um NPA/þjónustuávísanakerfi eru þegar komnar fram og þarf að gera ráð fyrir kostnaði við þróunarverkefni á því sviði.

Hugmyndir um forvarnir, t.d. heimsóknir til aldraðra, þurfa fjármögnun.

Matsaðferðir

Gæta þarf þess í allri umræðu um matstæki að halda því til haga í hvaða tilgangi matið er framkvæmt. RAI-matið sem er til staðar er fyrst og fremst mat út frá sjónarhorni þjónustuaðila, til þess að tryggja að veitt þjónusta sé í samræmi við fagleg viðmið. Er það tryggt að RAI matið sé heppilegasta verkfærið til að nota sem grunn að kostnaðarmati í þessu sambandi? Þarf ekki einnig að skoða hvaða tæki eru notuð í þessu sambandi öðrum norrænum ríkjum?

Út frá sjónarhorni notanda er áherslan á sjálfsmat eða aðstandendammat sbr. fatlaða, þeir vilja helst velja hvaða starfsfólk er ráðið til starfa – hvað þýðir það ?

Síðan eru matstæki nauðsynleg í þeim tilgangi að tryggja ákveðið jafnræði og sanngirni, þ.e. mat út frá sjónarhorni jöfnunarkerfis. Það veltur m.a. á fjármögnunaraðferðum hvort þörf verður fyrir miðlægt mat til útreikninga á þjónustubörf einstakra þjónustuþega. Í þessu sambandi er afar mikilvægt að leggja mat á reynsluna af tilfærslu þjónustu við fatlað fólk til sveitarfélaga.

Ekki er við því að búast að eitt og sama tækið geti mætt öllum sjónarhornum og því þarf að taka afstöðu til þess hvernig staðið er að þróun matstækja.

Gerð þjónustusamninga

Í umsögn sambandsins um frv. um breytingu á lögum um Sjúkratryggingar Íslands frá desember 2011, var gerð athugasemd við áform um að fresta gerð þjónustusamninga við hjúkrunarheimili o.fl. aðila. Huga þarf sérstaklega að þessum þætti og setja af stað átak til þess að drög að slíkum samningum liggi fyrir áður en tilfærslan kemur til framkvæmda, annað er óásættanlegt. Ekki er hægt að sóa orku og tíma sveitarfélaganna í þref um samningsgerð við þessa aðila á fyrsta ári eftir að tilfærslan kemur til framkvæmda heldur þarf þessi vinna að vera miðstýrð (sbr. Sólheimar).

Það þarf að vera skýrt hvaða viðmið á að nota um aðbúnað, inntak og gæði þjónustunnar. Greina þarf kostnað vegna þeirrar þjónustu sem daggjöldum er ætlað að standa undir.

Hugsanlega væri hægt að líta til kröfulýsingar sem fylgir samningi milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um hjúkrun í heimahúsum. Þar er öllum ljóst hvaða þjónusta



rúmast innan samningsgreiðslna og samráð er haft ef fjármagn skerðist, um það hvað lætur undan í samningnum.

Starfsmannamál

Skipan starfsmannamála, þ.m.t. stéttarfélagsaðild, aðild að lífeyrissjóði, biðlaunaréttur o.s.frv., þurfa að liggja fyrir mjög snemma í ferlinu. Alltof mikil orka fór í slík mál í síðustu tilfærslu.

Mikilvægt er að ganga frá kjarasamningum við stéttarfélög um þessi störf áður en yfirfærslan á sér stað og ákveða hvort og hvernig staðið verður að starfsmati. Reynslan af því að yfirtaka samninga SFR frá ríkinu var ekki nógu góð. Launamyndunarþættir kjarasamninga hjá ríki og sveitarfélögum er afar ólíkir og erfitt hefur reynst að samræma þá samningum starfsmanna sveitarfélaga.

Einstaka stofnanir hjá ríkinu gera samninga við stéttarfélög um það hvernig störf raðast í launatöflu svo launamyndunarþættir geta verið ólíkir milli stofnanna innan sama geira, auk þess sem laun hjá ríkinu geta verið hærrí, a.m.k. var sú raunin á stofnunum fyrir fatlað fólk. Ákveða þarf hvernig á að bregðast við því í ljósi þeirrar skyldu sveitarfélaga að greiða jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf.

Kostnaðarþátttaka notenda og gjaldtökuheimildir

Núverandi fyrirkomulag á þátttöku aldraðra í dvalarkostnaði skv. reglugerð nr. 1112/2006, með síðari breytingum, þarf að fá mjög rækilega skoðun. Í drögum að greinargerð virðist gert ráð fyrir því að dvalarkostnaður verði klofinn upp í fasteignapátt og þjónustupátt. Er þá reiknað með að rekstraraðilar geri leigusamninga við heimilismenn?

Gjaldtökuheimildir þarf einnig að skoða, sérstaklega út frá aksturs- og ferðaþjónustu. Sambandið hefur gert athugasemdir við akstursgjald vegna dagvistar aldraðra, sbr. bréf til ráðuneytisins dags. 19. ágúst 2010, þar sem segir:

„Sveitarfélögin hafa hér mikilla hagsmuna að gæta sem rekstraraðilar og bakhjarlar öldrunarþjónustu víða um land. Jafnframt er í ráði að þessi málaflokkur færir frá ríki til sveitarfélaga á komandi misserum. Það er afar áreiðandi, og í raun forsenda fyrir því að hefjast megi handa við það yfirfærsluverkefni, að gjaldtökuheimildir og greiðslufyrirkomulag fyrir þjónustuna hafi þá fengið endurskoðun og margvíslegar skekkjur verið lagfærðar.“

Bréfinu hefur ekki verið svarað en ítrekun hefur verið send af hálfu sambandsins.

Málskotsleiðir

Við yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks hefur margvíslegur misskilningur komið upp um málskot og endurskoðunarmöguleika.

Passa verður upp á að þetta endurtaki sig ekki við næstu yfirfærslu. Bagalegt er að í drögum að greinargerð er ýtt undir slíkan misskilning á bls. 14 (að félagsmálaráð sé fyrsta „kærustig“).

EBB/SKV